

Starfshópur um aðkomu Akureyrarbæjar að listnámi

Staða mála í febrúar 2019

Skipan

Starfshópurinn var skipaður í kjölfar samþykktar bæjarráðs þann 2. ágúst 2018 þar sem samningur Akureyrarbæjar og Myndlistarskólans á Akureyri var m.a. til umræðu. Úr fundargerð bæjarráðs:

Umræðuefni: Rætt um ársreikning og framtíð og rekstur Myndlistarskólans.

Bókun: Í gildi er samningur milli Akureyrarbæjar og Myndlistaskólans á Akureyri ehf. um rekstur Myndlistaskólans sem rennur út í lok skólaárs 2018-2019. Akureyrarbær hefur ekki í hyggju að framlengja samninginn óbreyttan og felur formanni bæjarráðs að ræða við forsvarsmann skólans.

Jafnframt verði stofnaður starfshópur skipaður fulltrúum úr frístundaráði, fræðsluráði og stjórn Akureyrarstofu sem ætlað er að fjalla um aðkomu Akureyrarbæjar að listnámi í bænum.

Í kjölfarið skipuðu viðkomandi nefndir einn fulltrúa hver; Hildi Betty Kristjánsdóttur fyrir frístundaráð, Ingibjörgu Isaksen fyrir fræðsluráð og Hildi Jönu Gísladóttur fyrir stjórn Akureyrarstofu. Þórgnýr Dýrfjörð, deildarstjóri Akureyrarstofu vinnur með hópnum.

Verkefnið

Starfshópurinn skipti verkefninu strax í tvo hluta: Listnám á framhaldsskóla- og háskólastigi annars vegar og listnám barna og ungmenna hins vegar. Kallaður var til hópur einstaklinga sem hefur reynslu og þekkingu á listnámi á ýmsum stigum til að fara yfir báða þætti verkefnisins með starfshópnum. Margt kom fram á þeim fundi og m.a. þetta:

- Sú skoðun að mikilsvert væri að áfram yrði boðið upp á myndlistarnám á háskólastigi á Akureyri jafnvel þó Akureyrarbær styðji ekki við nám á framhalds- og háskólastigi.
- Að mikilvægt sé að þeir fjármunir sem nú fara til Myndlistarskólans fari í framhaldinu til uppbyggingar á ýmiskonar listnámi barna
- Að aukið listnám barna geti ýtt undir áhuga á verklegum og skapandi greinum og dregið úr mikilli áherslu á bóknám
- Að mikilvægt sé að „innsþýtingin“ nýtist sem liður í að bæta samfellu í vinnudegi barna
- Að nauðsynlegt sé að koma vinnu við mögulegt áframhaldandi listnám á háskólastigi eða fjórða stigi (milli framhaldsskóla og háskóla) í skýran farveg eftir að Akureyrarbær hættir aðkomu. Ekki líklegt að grasrótin geti borið þann kyndil þarf fleiri til og þ.á.m. HA

Áfanganiðurstaða og áframhald

Listnám á framhalds- og háskólastigi: Akureyrarbær hefur engar beinar skyldur gagnvart þessum hluta viðfangsefnisins en sjálfsagt að hann beiti áhrifum sínum til ýta undir þá hagsmuni að það verði áfram í boði í bænum. Lagt er til að skipulagt verði málþing í lok mars eða byrjun apríl þar sem lykilsurningar verði:

- 1) Á að bjóða upp á myndlistarnám á háskólastigi á Akureyri?
- 2) Hvað er í boði nú þegar í listnámi á framhalds- og háskólastigi á svæðinu?

Leitað er eftir samvinnu um málþingið við eftirtalda aðila: Myndlistarfélag Akureyrar, Myndlistarskólann á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga, Verkmenntaskólann á Akureyri, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Háskólann á Akureyri.

Markmiðið er m.a. að setja á flot spurninguna um framhald listnámskennslu á framhalds- og háskólastigi, hvert beri að stefna og hverjir geti leitt þá vinnu sem mögulega leiðir af niðurstöðunni.

Listnám barna og ungmenna: Bæjaryfirvöld líta svo á að þau hafi ríkar skyldur gagnvart listnámi barna og ungmenna og þurfa að eiga frumkvæði að eflingu þess. Samningur við Myndlistarskólann á Akureyri mun renna út um mitt þetta ár og verður ekki framlengdur í óbreyttri mynd. Hópurinn leggur til fjármunirnir verði áfram bundnir listnámi en barna og ungmenna. Jafnframt leggur hópurinn til að:

- a) Á yfirstandandi ári verði gerðar tilraunir með aukið framboð í listnámi barna í tengslum við verkefnið „samfelldur skóladagur barna“ sem nú er að fara af stað. Starfsmenn á fræðsluviði og samfélagssviði (Akureyrarstofa og félagsmálaráðgjafar) og ungmennaráð vinni með verkefnisstjóra samfellds vinnudags að undirbúningi og hugmyndavinnu um fyrirkomulag aukins framboðs á listnámi fyrir börn. Meðal spurninga:
 - Á að verða til pottur eða sjóður sem starfandi fólk í skapandi greinum getur sótt í til að skipuleggja ný námskeið og vinnusmiðjur fyrir börn og ungmenni? Eða á að auka við fjárheimildir tiltekinna stofnana?
 - Gefst tækifæri til að tengja saman menningarstofnanir, listafólk, fólk í skapandi greinum, skóla og frístundastarf? Hvernig ætti að koma því í kring?

Tillögur verði lagðar fram í viðkomandi nefndum og ráðum í september n.k. svo hafa megi þær til hliðsjónar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2020.

- b) Á árinu 2020 verði orðin til rammi um listnámið og fyrirkomulag tilboða. Árangur metinn og fyrirkomulag endurskoðað um mitt árið 2020.